

# Ársskýrsla og staðtölur Tryggingastofnunar **2011**



**Útgefandi:**

Tryggingastofnun ríkisins  
Fjármála- og rekstrarsvið

**Ábyrgðarmaður:**

Sigríður Lillý Baldursdóttir

**Unnið af:**

*Fjármála- og rekstrarsvið*

Guðmundi Hjaltalín  
Jóni Grétari Magnússyni  
Runólfi Birgi Leifssyni  
Valgerði Marinósdóttur

*Réttindasvið*

Hallveigu Thordason  
Margréti Jónsdóttur  
Sólveigu Hjaltadóttur  
Sverri Óskarssyni

*Alþjóða- og stjórnsýslusvið*

Rögnu Haraldsdóttur  
Halldóru Jóhannesdóttur

*Þjónustu- og kynningarsvið*

Ástu J. Arnardóttur  
Hildi B. Hafstein  
Þorgerði Ragnarsdóttur

**Útlit, umbrot:**

Tryggingastofnun / Ísafoldarprentsmiðja 

**Hönnun:**

Gunnar Kristinsson (kápa)  
Ímyndunarafl ehf.

**Prentun:**

Ísafoldarprentsmiðja  
Suðurhrauni 1, 230 Garðabæ  
Upplag: 500 eintök

**Netútgáfa á heimasíðu:**

[www.tr.is](http://www.tr.is)

Öll réttindi áskilin. Heimilt er að afrita tölfræðiheftið að hluta eða í heild og birta enda sé heimildar ávallt getið.

**ÁRSSKÝRSLA  
OG STAÐTÖLUR  
TRYGGINGASTOFNUNAR  
2011**

## Merking tákna

- núll, þ.e. ekkert
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er
- . tala á ekki við eðli máls samkvæmt
- ... upplýsingar vantar eða niðurstaða ekki nærtæk



## Efnisyfirlit

	Bl.
Inngangur forstjóra .....	4
Ársyfirlit 2011 .....	6
Viðfangsefni Tryggingastofnunar .....	14
Annáll 2011 - breytingar á lögum og reglugerðum sem áhrif hafa á starfsemi Tryggingastofnunar .....	16
<b>Lífeyristryggingar</b>	
Tafla 1.1 Viðskiptavinir Tryggingastofnunar og íbúafjöldi 1997-2011 .....	22
Tafla 1.2 Útgjöld lífeyristrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra 1994-2011 .....	23
Tafla 1.3 Lífeyrisþegar, greiðslur lífeyristrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra 2008-2011 .....	24
Tafla 1.4 Greiðslur lífeyristrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra eftir kyni 2011 .....	25
Tafla 1.5 Óskertar mánaðargreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð 2009-2011 .....	27
Tafla 1.6 Óskertar árgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð 2009-2011 .....	27
Tafla 1.7 Aldurstengd örorkuuppþót 2010-2011, mánaðargreiðslur .....	28
Tafla 1.8 Greiðslutegundir - skerðingar vegna tekna 2011 .....	29
Tafla 1.9 Bætur almannatrygginga, óskertar mánaðargreiðslur til ellilífeyrisþega, einhleypings 2007-2011 .....	30
Tafla 1.10 Bætur almannatrygginga, óskertar mánaðargreiðslur til ellilífeyrisþega í sambúð 2007-2011 .....	30
Tafla 1.11 Bætur almannatrygginga, óskertar mánaðargreiðslur til öryrkja, einhleypings 2007-2011 .....	31
Tafla 1.12 Bætur almannatrygginga, óskertar mánaðargreiðslur til öryrkja í sambúð 2007-2011 .....	31
Tafla 1.13 Lífeyrisþegar með óskertar greiðslur í hlutfalli af heildarfjölda lífeyrisþega í hverjum flokki 2009-2011 .....	32
Tafla 1.14 Fjöldi lífeyrisþega með óskertan grunnlífeyri og tengdar greiðslur 2011 .....	33
Tafla 1.15 Fjöldi lífeyrisþega, sundurliðað eftir fjárhæðum mánaðargreiðslna 2011 .....	34
Tafla 1.16 Óskertar mánaðargreiðslur ellilífeyrisþega og lágmarkslaun 1990-2011 .....	35
Tafla 1.17 Fjöldi ellilífeyrisþega og hlutfall þeirra af íbúafjölda 67 ára og eldri 2005-2011 .....	37
Tafla 1.18 Ellilífeyrisþegar og vistrými fyrir aldraða eftir landshlutum 2011 .....	38
Tafla 1.19 Greiðslur lífeyristrygginga sem hlutfall af landsframleiðslu 2007-2011 .....	40
Tafla 1.20 Fjöldi örorkulífeyris-, endurhæfingarlífeyris- og örorkustyrkþega 1995-2011 .....	41
Tafla 1.21 Örorkulífeyrisþegar, skipting eftir kyni og aldursbili 2011 .....	43
Tafla 1.22 Örorkulífeyrisþegar flokkaðir eftir landshlutum og kyni 2011 .....	43
Tafla 1.23 Yfirlit yfir fjölda barna með umönnunarmat í desember 2007-2011 .....	44
Tafla 1.24 Áhrif lífeyrissjóðstekna á greiðslur til lífeyrisþega, einhleypings, í nóvember 2011 .....	46
Tafla 1.25 Áhrif atvinnutekna á greiðslur til lífeyrisþega, einhleypings, í nóvember 2011 .....	48
Tafla 1.26 Lífeyrisþegar TR erlendis og greiðslur lífeyristrygginga 2007-2011 .....	50
Umboð almannatrygginga 2011 .....	52
<b>Ársreikningar 2011</b>	
Tryggingastofnun ríkisins .....	53
Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð .....	69
Lífeyristryggingar .....	81
Eftirlaunasjóður aldraðra .....	95
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna .....	105

## Inngangur forstjóra

Tryggingastofnun ríkisins tók til starfa árið 1936 og hélt því upp á 75 ára afmæli sitt á síðasta ári. Það var gert á lágstemmdan en markvissan hátt. Lögð var áhersla á fræðslu um almannatryggingar og starfsemi stofnunarinnar. Fengum við Ríkisútvarpið, útvarp allra landsmanna í lið með okkur við að kynna stofnun allra landsmanna.

Tryggingastofnun varð til með lögum um alþýðutryggingar. Aðdragandi lagasetningarinnar var langur og róstursamur enda var í raun verið að takast á um grundvallaruppbyggingu samfélagsins: umfang og eðli samhjálparinnar, undirstöðu velferðarsamfélagsins.

Áfangasigur var unninn þegar Tryggingastofnun var komið á fót en það var þó ekki fyrr en með almannatryggingalögunum, sem tóku gildi 1. janúar 1947, hjá kornungu lýðveldi á ótryggum tímum – að komið var á almannatryggingakerfi sem náði til allrar þjóðarinnar, án tillits til stéttar eða efnahags – eins og sagði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Ólafs Thors sem þá sat.

Millipinganefnd undir forystu Haraldar Guðmundssonar, þingmanns Alþýðuflokksins, hafði samið frumvarp laganna á grundvelli tillagna Jóns Blöndal, hagfræðings, og Jóhanns Sæmundssonar, tryggingayfirlæknis. Heiðurinn af almannatryggingalögunum áttu þó ekki síður verkalýðshreyfingin og kvennahreyfingin sem höfðu barist ötullega fyrir þessu þjóðþrifamáli.

Í kjölfar síðari heimstyrjaldarinnar fékk baráttan aukið afl og viðurkenningu, því víðast hvar um hinn vestræna heim var við uppbyggingastarf eftirstríðsáranna lögð sérstök áhersla á að treysta stoðir velferðarsamfélagsins með tilkomu umfangsmikilla almannatryggingakerfa.

Alþýðutryggingin frá 1936 bauð upp á fábreyttar tryggingar; elli- og örorkubætur, slysabætur til nokkurra stétta og sjúkrabætur. Nýju almannatryggingalögin voru víðtækari og sameinuðu flestar opinberar tryggingar í eitt kerfi. Þá urðu til nýir bótaflokkar; nefna má fjölskyldubætur til barnmargra fjölskyldna, sjúkradagpeninga, slysabætur til allra launþega, fæðingarstyrk, ekkjubætur og barnalífeyri. Þá var greiðsla meðlaga fengin Tryggingastofnun ríkisins og stofnuninni falin yfirstjórn allra sjúkrasamlaga. Greiðsla elli- og örorkubóta var þá einnig flutt frá sveitarfélögunum til Tryggingastofnunar.

Eðlilega hafa umfangsmiklar breytingar átt sér stað á almannatryggingalöggjöfinni og verkefnum Tryggingastofnunar á þessum 75 árum.

Tryggingastofnun á að vera barn síns samtíma. Starfsemin þarf alltaf að vera í takt við vilja og þarfir þjóðarinnar – almannatryggingar eru í eðli sínu samfélagsáttmáli sem sífellt á að uppfæra að breyttum breytanda. Það er því afar eðlilegt að réttindakerfið taki breytingum, þannig á það að vera og þá þarf einnig að nýta öll úrræði, gömul og ný, til að tryggja landsmönnum góða þjónustu og sjá til þess að allir njóti þeirra réttinda sem löggin kveða á um. Tryggingastofnun er því eðli máls samkvæmt afar dýnamísk stofnun þar sem reynir á metnað og útsjónarsemi starfsmanna. Þar þarf saman að koma margvísleg þekking og umfangsmikil reynsla ef vel á til að takast.



Eins og fram kemur í þessari skýrslu þá hefur starfsmönnum Tryggingastofnunar fækkað um 17 frá árinu 2008. Umboð Tryggingastofnunar hjá sýslumönnum hafa einnig þurft að fækka starfsmönnum. Á sama tíma hafa umsvif stofnunarinnar aukist verulega. Lífeyrisþegum hefur fjölgað og okkur hafa verið falin ný og breytt verkefni.

Greiðslur Tryggingastofnunar jukust verulega á milli ára. Bætur voru hækkaðar um 8,1% síðastliðið vor í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði. Þá fengu lífeyrisþegar 50 þúsund króna eingreiðslu í júní auk sérstaks álags á orlofs og desemberuppbót. Tekjutengingar almannatryggingakerfisins hafa einnig leitt til verulega aukinna útgjalda. Með minni tekjum eykst rétturinn til bóta almannatrygginga.

Veruleg fjölgun hefur m.a. orðið í hópi þeirra sem fá sérstaka uppbót á lífeyri, eða lágmarksframfærslutrygginguna. Þriðjungur örorkulífeyrisþega og fimmtungur ellilífeyrisþega fá nú greiðslur úr þessum uppbótaflokki sem bættist við flóru bótaflokkanna í september 2008. Lækki aðrar tekjur þeirra sem fá greidda lágmarksframfærslutryggingu er sú lækkun bætt að fullu með hærri greiðslum úr almannatryggingakerfinu. Þannig hefur almannatryggingakerfið gripið þau sem lægstar tekjurnar hafa haft og hafa sætt lækkuðum lífeyrissjóðstekjum og hruni fjármagnstekna eftir bankahrún. Því má með sanni segja að almannatryggingarnar hafi þar enn og aftur sannað gildi sitt á 75 ára langri göngu sinni.

Tryggingastofnun er vel mönnuð. Þrátt fyrir endurteknar hagræðingarkröfur og óvissu í starfseminni, sérstaklega er varðar umfangsmikla þjónustu við Sjúkratryggingar Íslands og greiðslu fyrir þá þjónustu, hefur starfsemin gengið vel. Það er engu öðru en metnaðarfullum starfsmönnum að þakka.

Í upphafi árs 2011 settum við okkur framtíðarsýn til fimm ára á fjölmönnum stefnumótunarfundi með þjóðfundarsniði. Auk allra starfsmanna tóku fulltrúar hagsmunahópa, stjórnar, umboða og ráðuneytis þátt í stefnumótunarvinnunni. Niðurstaðan var metnaðarfull sýn í þremur víddum. Áhersla er lögð á að veita öflugra persónulega og rafræna þjónustu, að vera hagkvæm og skilvirk stofnun og að vera virt stofnun sem hlúir að mannauði sínum.

Þá tókum við upp nýtt altækt gæðaþróunarkerfi fyrst íslenskra stofnana. Um er að ræða svokallað C(ommon) A(ssessment)F(ramework) – sjálfsmatskerfi sem rutt hefur sér rúms í stjórnsýslu víða um heim. Hjá okkur var innleiðing þess eðlilegt framhald af fyrra umbótastarfi.

Vefur Tryggingastofnunar var valinn besti ríkisvefurinn árið 2011. Vefur stofnunar er e.t.v. einhver besti mælikvarðinn á gæði og virkni starfseminnar. Það var okkur því sérstakt ánægjuefni að hljóta þennan heiður. Við leggjum áherslu á að nýta vefinn til að bjóða upp á gagnkvæm samskipti við viðskiptavinum okkar. Þar eru einnig miklar upplýsingar um almannatryggingakerfið í tölum og texta – og við leggjum áherslu á að tala mannamál, að útskýra flókna virkni kerfisins á eins einfaldan og skýran hátt og nokkur er kostur. Fyrir þetta fengum við sérstaka viðurkenningu og gladdi það okkur mikið. Því hvað sem allri tækni líður eru það hin mannlegu tengsl sem á endanum gera okkur að þeirri glæsilegu þjónustustofnun sem við viljum vera. Persónuleg þjónusta má aldrei víkja fyrir nýjungum í tæknisamskiptum, en með aukinni rafrænni þjónustu skapast svigrúm til að gera enn betur í einstaklingsbundinni þjónustu þrátt fyrir fækkun starfsmanna og verulega hagræðingu í rekstri.



## Ársyfirlit 2011

### Hlutverk, stefna og skipulag Tryggingastofnunar

Tryggingastofnun starfar eftir lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Fleiri lög koma við sögu s.s. lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, lög um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar og lög um málefni aldraðra. Helstu verkefni Tryggingastofnunar beinast að lífeyrismálum eldri borgara og öryrkja og endurhæfingarmálum. Stofnunin heyrir undir velferðarráðuneytið.

Tryggingastofnun annast framkvæmd á greiðslum í samræmi við ofangreind lög sem Alþingi setur og reglugerðir settar af ráðherra. Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar eru á Laugavegi 114 í Reykjavík, en að auki eru 23 umboðsskrifstofur hjá sýslumannsembættum utan Reykjavíkur.

#### Hlutverk

Að framfylgja lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar og lögum um málefni langveikra barna auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin hverju sinni.

#### Stefna

- Að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu og mæta ólíkum þörfum þeirra.
- Að auka rafræna þjónustu og málsmeðferð.
- Að sýna frumkvæði og efla umræðu um almannatryggingar til að þróa velferðarkerfið og skilvirkni þess, í samvinnu við hagsmunaaðila.
- Að rekstur stofnunarinnar sé innan fjárheimilda.
- Að vera stjórnvöldum faglegur ráðgefandi um almannatryggingar og veita hagnýtar upplýsingar.
- Að vera eftirsóttur vinnustaður með gildin okkar, traust, samvinnu og metnað að leiðarljósi.

#### Framtíðarsýn

Að vera framsækin þjónustustofnun sem gegnir lykilhlutverki í velferðarkerfi Íslands. Í því felst m.a.:

##### **Að veita öflugra persónulega og rafræna þjónustu**

Þjónustu TR má nálgast eftir ýmsum leiðum. Boðið er upp á rafræna og persónulega þjónustu sem sniðin er að þörfum og óskum hvers og eins með góðum stuðningi starfsfólks.

##### **Að vera hagkvæm og skilvirk stofnun**

Lögð er áhersla á skýra, einfalda og samræmda verkferla. Með því móti næst öruggari, vandaðri og hraðari afgreiðsla. Aukin skilvirkni leiðir til hagkvæmni í störfum og rekstri stofnunarinnar og þannig myndast svigrúm til að sinna auknu eftirliti og framfaraverkefnum.

##### **Að vera virt stofnun sem hlúir að mannaúði sínum**

Tryggt er að hjá TR sé hæft og ánægt starfsfólk, í góðu starfsumhverfi, sem á kost á endurmenntun til að geta þróast í starfi.

## Stefnur og reglur Tryggingastofnunar

Tryggingastofnun hefur sett sér ýmsar reglur og stefnur til að starfa eftir og má þar m.a. nefna:

- **Siðareglur** - Markmið siðareglna er að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni starfsmanna gagnvart hverjum öðrum og viðskiptavinum.
- **Samskipta- og umgengisreglur** - Með samskipta- og umgengisreglum er sameinast um að láta vinnuna ganga vel og skapa góðan vinnufrið svo starfsmönnum líði vel á vinnustaðnum. Erum einhuga um góða samvinnu, sýnum alúð og tillitsemi í vinnubrögðum.
- **Starfsreglur** - eru almennar reglur stofnunarinnar sem starfsmenn fylgja í starfi sínu ásamt atriðum er varða umgengni og góða starfshætti.
- **Mannauðsstefna** - Með mannauðsstefnu sinni vill Tryggingastofnun byggja upp traust, samvinnu og metnað jafnt fyrir starfsmenn sem og viðskiptavinum Tryggingastofnunar.
- **Jafnréttisáætlun** - Markmið jafnréttisáætlunar er að þátttaka og áhrif beggja kynja sé sem jöfnust í starfsemi og að jafnt tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa starfsmanna óháð kyni.
- **Gæða- og upplýsingaöryggisstefna** – Markmið gæða- og upplýsingaöryggisstefnu er að veita réttar upplýsingar og tryggja fullnægjandi ráðgjöf um starfsemi Tryggingastofnunar og almannatryggingakerfið til þess að viðskiptavinir njóti réttinda sinna og fái þjónustu á grundvelli laga og reglugerða.

## Gildi

**Traust** – að vera fagleg og áreiðanleg í störfum okkar

**Samvinna** – að vinna saman að því að mæta ólíkum þörfum viðskiptavina

**Metnaður** – að sýna frumkvæði og beina kröftum okkar og þekkingu að því að gera sífellt betur



### Starfsmannayfirlit

Í lok árs 2011 var fjöldi starfsmanna 108 og hafði þá fækkað um sex frá fyrra ári og um 17 frá árslokum 2008 þegar fjöldi þeirra var 125. Konur eru í meirihluta eða um 74% starfsmanna, sem er heldur hærra hlutfall en síðustu ár. Meðalstarfsaldur hefur hækkað lítillega og var í árslok 11 ár. Sama má segja um meðallífaldur starfsmanna sem var í árslok 47,4 ár. Starfsmannavelta jókst aðeins á milli ára og var 14,8% árið 2011. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna hækkaði frá fyrra ári og var 56,5% í lok árs 2011.

### Starfsmannayfirlit

	31.12.2011			31.12.2010			31.12.2009		
	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar	Samtals	Konur	Karlar
Fjöldi starfsmanna.....	108	74,1%	25,9%	114	70,2%	29,8%	117	70,9%	29,1%
Fjöldi stöðugilda.....	98,1			107,2			107,4		
Meðalstarfsaldur (ár)..	11,0	11,2	10,2	10,6	10,7	10,3	10,1	10,4	9,4
Meðallífaldur (ár).....	47,4	48,2	46,5	47,1	47,3	46,7	45,9	46,3	45,1
Starfsmannavelta.....	14,8%			11,4%			12,0%		
Menntunarhlutfall:.....									
- BHM.....	56,5%			54,4%			57,3%		
- Aðrir.....	43,5%			45,6%			42,7%		

### Umfang greiðslna


Á árinu 2011 voru greiddir út um 144 ma.kr. úr greiðslukerfi Tryggingastofnunar í ríflega einni milljón greiðslna. Fjöldi innborgana var um 27 þúsund, en innheimtuþáttur stofnunarinnar er viðamikill vegna tekjutengdra bóta. Bókuð gjöld að frádregnum tekjum voru um 122 ma.kr. á árinu sbr. töflu hér til hliðar. Bókhaldsfærslur voru um 29 milljónir á árinu eða til jafnaðar rúmlega 2,2 milljónir á mánuði. Um 120 þúsund einstaklingar fengu greiðslur úr kerfinu á árinu, en til jafnaðar fá um 70 þúsund manns greiðslur í hverjum mánuði.

Fjárhæðir í milljónum króna

	2011	2010
<b>Af fjárlagaliðum TR</b>		
Rekstur Tryggingastofnunar.....	899,8	928,6
Bætur vegna félagslegrar aðstoðar....	10.658,8	8.947,2
Meðlagsgreiðslur.....	4.093,2	3.973,7
Lífeyrstryggingar.....	56.993,4	46.599,6
Eftirlaunasjóður aldraðra.....	51,4	62,9
Foreldragreiðslur v/langveikra barna..	112,6	97,0
Öldrunar- og hjúkrunarstofnanir.....	18.600,9	11.074,7
<b>Samtals af liðum TR:</b>	<b>91.410,1</b>	<b>71.683,7</b>
<b>Af öðrum fjárlagaliðum</b>		
Sjúkra-, slysa- og sjúklingatryggingar	30.593,7	29.890,1
Öldrunar- og hjúkrunarstofnanir.....	0,0	6.708,2
<b>Samtals af öðrum liðum:</b>	<b>30.593,7</b>	<b>36.598,3</b>
<b>Samtals bókfært í kerfum TR</b>	<b>122.003,8</b>	<b>108.282,0</b>

## Skipurit

Skipurit Tryggingastofnunar hefur verið í nokkurri þróun eftir að ákveðin verkefni voru flutt í nýja stofnun Sjúkratrygginga Íslands haustið 2008. Vegna hagræðingarkröfu á árinu 2010 var ákveðið að leggja af Þróunarsvið stofnunarinnar og færa verkefnin á Fjármála- og rekstrarsvið, Upplýsingatæknisvið, Alþjóða- og stjórnsýslusvið og á skrifstofu forstjóra. Í lok árs 2011 var Ytra eftirlit flutt til Fjármála- og rekstrarsviðs. Einnig var nöfnum tveggja sviða breytt; Alþjóða- og stjórnsýslusvið heitir nú Stjórnsýslusvið og Þjónustu- og kynningarsvið heitir Samskiptasvið. Skipuritið í lok ársins var eins og eftirfarandi mynd sýnir:





## Helstu verkefni sviða

### Skrifstofa forstjóra

Árangursmælingar  
Gæðamál

Upplýsingaöryggi  
Skjalastjórnun

### Samskiptasvið

Móttaka viðskiptavina og gesta  
Síma- og tölvupóstþjónusta  
Afgreiðsla, upplýsingar, ráðgjöf og  
kennsla  
Þjónusta við umboð  
Póstþjónusta  
Kynningamál  
Innrí/ytri vefur og “mínar síður”

### Réttindasvið

Mat á réttindum og ákvarðanir:  
- eldri borgarar  
- öryrkjar  
- foreldrar langveikra og alvarlega fatlaðra barna  
- endurhæfing  
- hjúkrunar- og dvalarheimili  
Meðlagsgreiðslur  
Stuðningur og fræðsla við umboð  
Endurreikningur og uppgjör á lífeyrisgreiðslum

### Fjármála- og rekstarsvið

Áætlanagerð  
Fjárhagseftirlit  
Bókhald og uppgjör  
Greiddslur  
Innheimta  
Ytra eftirlit

Launamál  
Mannauðsmál  
Rannsóknir og greining  
Rekstur  
Mötuneyti

### Upplýsingatæknisvið

Rekstur upplýsingakerfa  
Rekstur tækniumhverfis  
Rafræn stjórnsýsla  
Notendapjónusta

Þróun og nýsmíði upplýsingakerfa  
Innkaup á vél- og hugbúnaði  
Verkefnastjórn upplýsingatækniverkófna

### Stjórnsýslusvið

Milliríkjasamningar og eftirfylgni þeirra  
Ráðgjöf og aðstoð vegna  
lögfræðimálefna  
Ráðgjöf og aðstoð vegna stjórnsýslumála

Samskipti við lögfræðinga og  
dómstóla vegna málareksturs  
Samskipti við ÚRAL



## Rekstur Tryggingastofnunar 2011

### Fjárlög

Framlag í fjárlögum 2011 var 878,8 m.kr. Þar er gert ráð fyrir um 9% lækkun frá fyrra ári vegna hagræðingarkröfu til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum eða sem nemur um 90 m.kr. Framlagið hækkaði á árinu um 27,2 m.kr. vegna launabreytinga í kjölfar almennra kjarasamninga og var því 906 m.kr. í árslok.

### Rekstur

Í ársbyrjun var öllum fjárlaganúmerum sem heyra undir Tryggingastofnun (TR) breytt vegna sameiningar félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis í eitt velferðarráðuneyti. Þetta hafði í för með sér miklar breytingar í bókhaldskerfum og fjárhagslíkani með tilheyrandi verkefnum sem varla sá fyrir endann á út árið. Uppsetning og afstemmingar tóku mikinn tíma auk þess sem allur samburður á milli ára varð flóknari. Þá var bókhaldslyklum einnig breytt, en sú vinna hófst haustið 2010 samhliða upptöku á nýrri útgáfu bókhaldskerfis ríkisins.

Á árinu varð breyting á rekstri mötuneytis því í upphafi árs tóku Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) ákvörðun um að hætta þátttöku í rekstri þess. Í lok ársins flutti svo Lýðheilsustöð í annað húsnæði og hætti því einnig í mötuneytinu. Nýr matsveinn heillaði hins vegar svo starfsmenn TR að fleiri og fleiri nota nú mötuneytið og gengur rekstur þess vel.

Hagræðingarkrafa ríkisstjórnarinnar gerði það að verkum að draga þurfti verulega saman seglin og að auki tók velferðarráðuneytið ákvörðun um að lækka greiðslur SÍ til TR um 6 m.kr. án þess að þjónusta TR við SÍ yrði skert. Til að koma til móts við þessa lækkun á framlögum var starfsmönnum fækkað um sex frá fyrra ári, sumarafleysingar að mestu aflagðar og opnunartími þjónustumiðstöðvar stytur. Ýtrasta aðhalds var svo eins og áður gætt á öllum öðrum sviðum rekstursins.

Á árinu var haldið upp á 75 ára afmæli stofnunarinnar með litlum tilkostnaði, en mikilli kynningu. Stofnunin átti m.a. í góðu samstarfi við RÚV af þessu tilefni og var með reglulega innkomu í þáttinn Samfélagið í nærmynd á Rás 1. Á árinu var haldinn stefnumótunarfundur með þjóðfundarsniði og hafist var handa við húsnæðisbreytingar í lok árs, sem munu halda áfram á næsta ári. Breytingarnar eru m.a. tilkomnar vegna þess að SÍ mun fá húsnæði á 4. hæð sem Lýðheilsustöð hafði til afnota og TR fá á móti 3. hæðina á Laugavegi 116 sem SÍ hefur nú.

Á árinu var haldið áfram á þeirri braut að skerpa skilin á milli TR og SÍ. Þannig hætti TR að leggja út fyrir ýmsum rekstrarvörum í þágu SÍ s.s. pappír og tónerum, auk þess sem SÍ tók í lok ársins yfir verkefnastjórnun á þeim tölvukerfum sem snúa eingöngu að þeirri stofnun. Að öðru leyti var þjónusta við SÍ með svipuðu sniði og áður m.a. varðandi upplýsingatækni og í þjónustumiðstöð, sem og varðandi bókhald, greiðslur, innkaup, húsnæðismál og erlend samskipti. Ágreiningur er enn um marga þætti þjónustusamningsins og hefur það neikvæð áhrif á samstarf stofnananna.

Ríkisstjórnin fól TR að stýra svokölluðu EESSI verkefni á Íslandi, en þátttakendur í því hérlandis auk TR eru Ríkisskattstjóri, Vinnumálastofnun og SÍ. Verkefnið felst í því að rafvæða E-vottorð sem notuð eru á milli almannatryggingastofnana í Evrópu. Ríkisstjórninni tókst ekki að tryggja fjármagn til verksins og því sótti TR um styrk frá ESB og fékk. Styrkurinn var upp á 200.000 evrur eða sem nemur um 32 m.kr. fyrir tímabilið nóvember – desember 2011, allt árið 2012 og janúar 2013 eða samtals fyrir

15 mánuði. Árið 2011 voru tekjufærðar um 3,2 m.kr. af styrkuppþæðinni í samræmi við bókaðan kostnað í nóvember og desember.

Á árinu voru tekjur TR 80,1 m.kr., en þar er fyrst og fremst um að ræða tekjur vegna þjónustu við SÍ á grundvelli þjónustusamnings. Tekjur frá SÍ lækkuðu um 8,3 m.kr. frá fyrra ári vegna hagræðingar og breytinga á þjónustusamningi. Aðrar tekjur voru m.a. tekjur vegna útleigu á geymsluplássi, framlag frá Vinnumálastofnun vegna rafrænnar stjórnarsýslu, tekjur á móti kostnaði við tannverndarverkefni ríkisstjórnarinnar og tekjur frá Vinnumálastofnun vegna sumarstarfa. Rekstrargjöld námu 981,6 m.kr. og gjöld að frádragnum tekjum voru því 901,4 m.kr. eða 4,6 m.kr. undir fjárframlagi ríkisins. Sú upphæð kemur til hækkunar á ónotuðum höfuðstól í árslok og nýtist til að milda fyrir séðan niðurskurð næsta árs.

Stærsta breyting í tekjum og gjöldum á milli árána 2010 og 2011 skýrist af sparnaði í upplýsingatækni vegna hagræðingarkröfu ríkisstjórnarinnar. Varasamt getur verið að halda áfram á þeirri braut því starfsemi TR byggir að stórum hluta á upplýsingatæknikerfum. Þar má nefna réttindaútreikning, bókhald, greiðslur og innheimtu. Gagnagrunnar stofnunarinnar eru viðamiklir auk flókens reikniverks og vefsamskipta. Í heildina fengu ríflega 120 þúsund einstaklingar greiðslur úr kerfum TR sem jafngildir um þriðjungi þjóðarinnar.

Hér að neðan má sjá yfirlit rekstrarreiknings fyrir árin 2009 til 2011. Þar sést glöggt hvernig ríkisframlag til TR hefur lækkað jafnt og þétt miðað við verðlag hvers árs, en lækkunin er enn meiri sé miðað við fast verðlag.


## Yfirlit rekstrarreiknings

Rekstrarliðir	2011	2010	2009
Laun og launatengd gjöld.....	661.890.393	661.050.715	656.634.256
Annar rekstrarkostnaður.....	300.186.448	333.340.814	419.460.877
Eignakaup.....	19.497.026	11.454.384	32.204.578
<b>Samtals gjöld:</b>	<b>981.573.867</b>	<b>1.005.845.913</b>	<b>1.108.299.711</b>
Sértekjur.....	80.131.490	77.256.573	139.246.339
<b>Gjöld að frádragnum tekjum:</b>	<b>901.442.377</b>	<b>928.589.340</b>	<b>969.053.372</b>
Ríkisframlag	906.000.000	959.200.000	969.200.000
Tekjuafgangur (-halli)	4.557.623	30.610.660	146.628
Höfuðstóll	88.483.911	83.926.288	53.315.628

### Skipting útgjalda eftir kostnaðarliðum

Stærsti einstaki kostnaðarliður Tryggingastofnunar er launakostnaður, en hann nam um 662 m.kr. árið 2011 eða um 68% af heildargjöldum. Annar stærsti liðurinn er tölvu- og kerfisfræðipjónusta, um 115 m.kr. eða um 12% af heildargjöldum. Í flóknu kerfi almannatrygginga verða tölvukerfin sífellt mikilvægari, en um leið flóknari og dýrari. Aðrir stórir kostnaðarliðir eru húsnæðiskostnaður og hugbúnaðar- og leyfisgjöld.

### Stærstu útgjaldaliðir



## Um viðfangsefni Tryggingastofnunar

Á árinu 2011 námu útgjöld lífeyristrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra, skv. lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, samtals um 68 milljörðum króna. Það samsvarar um 4,2% af vergri landsframleiðslu.

Útgjöld lífeyristrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra langveikra barna 1997-2011								
Ár	Milljónir króna á verðalagi hvers árs			Hlutfallsleg skipting			Heildarútgj. sem hlutfall af vergri landsframl.	
	Lífeyris-tryggingar	Félagsleg aðstoð	Greiðslur til foreldra	Heildarútgjöld	Lífeyris-tryggingar	Félagsleg aðstoð		Greiðslur til foreldra
1997	14.786	4.019		18.805	78,6%	21,4%	3,6%	
1998	16.063	4.551		20.614	77,9%	22,1%	3,5%	
1999	17.534	4.910		20.444	78,1%	21,9%	3,5%	
2000	20.090	5.435		22.525	78,7%	21,3%	3,7%	
2001	19.936	5.823		25.759	77,4%	22,6%	3,3%	
2002	22.191	6.240		28.431	78,1%	21,9%	3,5%	
2003	26.122	7.057		33.179	78,7%	21,3%	3,9%	
2004	29.249	6.082		35.331	82,8%	17,2%	3,8%	
2005	30.899	6.148		37.047	83,4%	16,6%	3,6%	
2006	33.126	6.364		39.490	83,9%	16,1%	3,4%	
2007	37.873	6.861		44.734	84,7%	15,3%	3,4%	
2008	43.610	7.902	72	51.584	84,5%	15,3%	0,1%	3,5%
2009	46.298	9.607	91	55.996	82,7%	17,2%	0,2%	3,7%
2010	45.708	8.947	93	54.748	83,5%	16,3%	0,2%	3,6%
2011	56.910	10.661	108	67.679	84,1%	15,8%	0,2%	4,2%

Hagstofa Íslands: VLF

Auk greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, félagslega aðstoð og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna annast Tryggingastofnun greiðslur daggjaldastofnana skv. lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra, greiðslur í þágu framkvæmdasjóðs aldraðra, meðlagsgreiðslur samkvæmt barnalögum, greiðslur til lifandi líffæragjafa skv. lögum nr. 40/2009 um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar og ýmsa aðra sjóði.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu greiðsluflokkum Tryggingastofnunar og þeim meginreglum sem liggja til grundvallar ákvörðun um greiðslur. Það skal ítrekað að hér er einungis farið yfir meginreglurnar, en sú upptalning er engan vegin tæmandi enda fjölmargar undanþágur frá meginreglunum að finna í lögnum sem ekki verður farið yfir hér. Ef þörf er á frekari upplýsingum um þau skilyrði sem uppfylla verður til að öðlast rétt til bóta vísast til þjónustumiðstöðvar og umboða Tryggingastofnunar og heimasíðu stofnunarinnar [www.tr.is](http://www.tr.is), en jafnframt í lög og reglugerðir sem við eiga.

## Lífeyristryggingar

**Lífeyristryggingar** taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, aldurstengdrar örorkuuppbótar, tekjutryggingar, örorkustyrks og barnalífeyris. Almenna reglan um rétt einstaklings til bóta er að viðkomandi hafi verið búsettur hér á landi í tilskilinn tíma. Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára og eldri og hafa verið búsettir hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur lífeyrir greiðist þeim sem hafa verið búsettir hér á landi í a.m.k. 40 ár en hlutfallslegur lífeyrir ef um skemmri búsetu er að ræða. Sjómenn geta hafið töku ellilífeyris við 60 ára aldur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um sjómennsku. Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem eru á aldrinum 18 til 67 ára og hafa verið búsettir hér á landi síðustu þrjú árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er viðkomandi öðlaðist hér lögheimili. Tryggingastofnun metur örorku samkvæmt sérstökum örorkustaðli. Greiðslur elli- og örorkulífeyris eru tekjutengdar. Aldurstengd örorkuuppbót greiðist örorkulífeyrisþegum og miðast fjárhæð uppbótarinnar við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki. Tekjutrygging er greidd lífeyrisþegum fari tekjur þeirra, aðrar en tilgreindar bætur, ekki umfram ákveðna upphæð á ári. Réttur til örorkustyrks myndast ef örorka er metin a.m.k. 50%. Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annað foreldri er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Sömu reglur gilda um kjörbörn og stjúpbörn. Barnalífeyrir er einnig greiddur með fleiri börnum svo sem eins og börnum endurhæfingarlífeyrisþega.

**Félagsleg aðstoð** tekur til mæðra- og fedralauna, barnalífeyris vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmenna á aldrinum 18-20 ára, umönnunargreiðslna, maka- og umönnunarbóta, dánarbóta, endurhæfingarlífeyris, heimilisuppbótar, uppbóta á lífeyri, bifreiðakostnaðar og endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf. Þá tekur félagsleg aðstoð einnig til sérstakrar uppbótar til framfærslu. Rétt til greiðslna félagslegrar aðstoðar eiga þeir sem eiga lögheimili hér á landi að uppfylltum öðrum skilyrðum laga og reglugerða um félagslega aðstoð. Skilyrði fyrir greiðslum endurhæfingarlífeyris er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði og að uppfylltum öðrum ákveðnum skilyrðum.

**Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna** taka til fjárhagsaðstoðar við foreldra sem hvorki geta stundað vinnu né nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna sem hafa greinst með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun.

**Vistunarmál** taka til greiðslna vegna einstaklinga sem dvelja á dvalarheimilum, hjúkrunarheimilum/hjúkrunarrýmum eða eru í dagvistun. Tryggingastofnun sér um að greiða daggjöld til dvalar- og hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum og dagvista. Hafi íbúar á dvalar- og hjúkrunarheimilum sem eru 67 ára og eldri tekjur umfram ákveðna lágmarksupphæð þurfa þeir að greiða fyrir búsetuna. Greiðsluþátttaka er tekjutengd en er þó aldrei hærrí en sem nemur daggjöldum á dvalarheimilum. Tryggingastofnun sér um að reikna út þátttöku íbúa í dvalargjaldi. Heimilin sjá um að innheimta hlut íbúa í dvalargjaldi en greiðslur frá TR lækka sem þátttökunni nemur. Greitt er daggjald vegna dagvistunar fyrir aldraða. Sama daggjald gildir fyrir allar slíkar dagvistir. Þeir sem þjónustuna nýta greiða fast gjald fyrir hvern nýttan dag, óháð tekjum, og greiðir TR mismuninn upp í fullt daggjald. Þá er greitt daggjald vegna sérhæfðar dagvistar. Sérhæfðar dagvistir eru ekki allar með sama daggjald. Með greiðslur fer samkvæmt reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

## Annáll 2011

### Breytingar á lögum og reglugerðum

#### Breytingar á lögum:

**Lög nr. 51/2011** um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Lögin mæla fyrir um heimild ráðherra til að hækka bætur með samþykki ríkisstjórnar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Breyting skal þá eiga sér stað með reglugerð. Lögin tóku gildi 27. maí 2011.

**Lög nr. 106/2011** um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (samspil örorkugreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða). Lögin mæla fyrir um þær breytingar á almannatryggingalögum, að þrátt fyrir tiltekin lagaákvæði skuli greiðslur örorkulífeyris, örorkustyrks, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar ekki lækka á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum.

Einnig voru gerðar breytingar á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 þess efnis, að þrátt fyrir tiltekin lagaákvæði skuli greiðslur heimilisuppbótar, uppbótar á lífeyri vegna kostnaðar og uppbótar vegna reksturs bifreiðar ekki lækka á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2012 vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum.

Lögin gilda um greiðslur til örorkulífeyrisþega á grundvelli ofangreindra laga og laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem inntar hafi verið af hendi frá 1. janúar 2011. Lögin tóku gildi 13. september 2011.

**Lög nr. 126/2011** um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Lögin mæla m.a. fyrir um að í stað orðsins „Velferðarráðherra“ í 1. mgr. 2. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, 2. mgr. 14. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007 og 1. mgr. 3. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 komi: Ráðherra. Lögin tóku gildi 30. september 2011.

**Lög nr. 178/2011** um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um atvinnuleysistryggingar, lögum um málefni aldraðra og lögum um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Lögin mæla fyrir um þá breytingu á 14. tölul. ákvæðis til bráðabirgða að 1.315.200 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar örorkulífeyrisþega er framlengt til 31. desember 2014. Við ákvæði til bráðabirgða bætist tölul. sem kveður á um að þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laganna skuli bætur almannatrygginga, sem og bætur skv. 63. gr. laganna, hækka um 3,5% á árinu 2012. Fjárhæð frítekjumarka skv. 16.-18. gr., 21.-22. gr. og 48. gr. skuli þó ekki breytast á árinu 2012.

Einnig er gerð sú breyting á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 að ákvæði til bráðabirgða VI er breytt þannig, að samaburður á útreikningi vistunarframlags fyrir og eftir gildistöku laga nr. 166/2006 og 120/2009 gildi fyrir tímabilið 1. janúar 2012 til og með 31. desember 2012. Lögin taka gildi 1. janúar 2012.



## Breytingar á reglugerðum:

### Fjárhæðir bóta og frítekjumörk:

**Reglugerð nr. 565/2011** um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2011. Í reglugerðinni er kveðið á um fjárhæðir bóta á árinu 2011, annars vegar frá 1. janúar - 31. maí og hins vegar frá 1. júní 2011.

Reglugerðin tók gildi 7. júní 2011.

**Reglugerð nr. 1233/2011** um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2012. Í reglugerðinni er kveðið á um 3,5% hækkun allra bóta lífeyristrygginga, slysatrygginga og félagslegrar aðstoðar, auk meðlagsgreiðslna og vasapeninga.

Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2012.

**Reglugerð nr. 568/2011** um breytingu á reglugerð nr. 1009/2010 um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2011. Í reglugerðinni er kveðið á um breytingar á tekjumörkum á árinu 2011, annars vegar frá 1. janúar - 31. maí og hins vegar frá 1. júní 2011.

Reglugerðin tók gildi 7. júní 2011.

**Reglugerð nr. 1232/2011** um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2012. Í reglugerðinni er kveðið á um hækkun á efra tekjumarki framfærsluuppbótari skv. b-lið 2. gr. sem hækkar um 3,5% en önnur frítekjumörk hækka ekki. Efri tekjumörk annarra bótaflokka breytast síðan sjálfkrafa vegna hækkunar bótafjárhæða skv. nr. 1233/2011.

Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2012.

**Reglugerð nr. 574/2011** um breytingu á reglugerð nr. 1008/2010 fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2011 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Í reglugerðinni er kveðið á um hækkun á fjárhæðum greiðslna og frítekjumarks frá 1. júní 2011.

Reglugerðin tók gildi 7. júní 2011.

**Reglugerð nr. 1228/2011** um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2012 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Í reglugerðinni er kveðið á um 3,5% hækkun á fjárhæðum greiðslna en hvorki hámarksfjárhæð skv. 3. mgr. 11. gr. laganna né frítekjumark skv. 2. mgr. 22. gr. laganna hækka.

Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2012.

**Reglugerð nr. 1227/2011** um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2012 samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar. Í reglugerðinni er kveðið á um 3,5% hækkun á fjárhæðum greiðslna en hámarksfjárhæð skv. 1. málsl. 3. mgr. 10. gr. laganna hækkar ekki.

Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2012.

**Reglugerð nr. 571/2011** um breytingu á reglugerð nr. 170/2009, um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða. Í reglugerðinni er kveðið á um, hækkun á fjárhæð uppbótar vegna reksturs bifreiðar frá 1. júní 2011.

Reglugerðin tók gildi 7. júní 2011.

**Reglugerð nr. 1230/2011** um (2.) breytingu á reglugerð nr. 170/2009, um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða. Í reglugerðinni er kveðið á um 3,5% hækkun á fjárhæð uppbótar vegna reksturs bifreiðar.

Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2012.

**Reglugerð nr. 1229/2011** um (6.) breytingu á reglugerð nr. 213/1991 um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra. Í reglugerðinni er kveði á um 3,5% hækkun á fjárhæð vasapeninga. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2012.

#### **Orlofs- og desemberuppbót:**

**Reglugerð nr. 572/2011** um breytingu á reglugerð nr. 991/2010 orlofs- og desemberuppbætur til lífeyrisþega árið 2011. Í reglugerðinni er að finna breytingu á hlutfalli orlofs- og desemberuppbóta. Greiðsluhlutfall orlofsuppbótar breyttist í 28,3% á tekjutryggingu og heimilisuppbót og greiðsluhlutfall desemberuppbótar breyttist í 42% á tekjutryggingu og heimilisuppbót. Reglugerðin tók gildi 7. júní 2011.

**Reglugerð nr. 1234/2011** um orlofs- og desemberuppbætur til lífeyrisþega árið 2012. Orlofsuppbót nemur 20% og desemberuppbót 30% af fjárhæðum tekjutryggingar og heimilisuppbótar. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2012.

#### **Eingreiðsla til lífeyrisþega í júní 2011:**

**Reglugerð um eingreiðslu til elli- og örorkulífeyrisþega í júní 2011, nr. 570/2011** í reglugerðinni er kveðið á um 50.000 kr. eingreiðslu í júní 2011 til elli-, örorku- og slysalífeyrisþega með óskertar greiðslur á tímabilinu mars - maí 2011. Ef um skertar greiðslur er að ræða skal eingreiðslan skerðast hlutfallslega. Reglugerðin tók gildi 7. júní 2011.

#### **Heimilisuppbót og uppbót á lífeyri:**

**Reglugerð nr. 569/2011** um breytingu á reglugerð nr. 1052/2009 um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri. Í reglugerðinni er að finna þær breytingar í fyrsta lagi, að við það að engin tegund af uppbót á lífeyri hafi áhrif á útreikning sérstakrar uppbótar vegna framfæslu bætist uppbót vegna reksturs bifreiðar, í öðru lagi, að fjárhæð heimilisuppbótar hækkaði, og í þriðja lagi, að tekjumörk sérstakrar uppbótar vegna framfærslu eru hækkaðar úr 184.140 kr. í 196.140 kr. og úr 157.030 kr. í 169.030 kr. Reglugerðin tók gildi 7. júní 2011, en hækkanir bóta skv. henni gilda frá 1. júní 2011.

**Reglugerð nr. 1231/2011** um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1052/2009 um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri. Í reglugerðinni er kveðið á um 3,5% hækkun heimilisuppbótar og sérstakrar uppbótar til framfærslu og að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hafi ekki áhrif á útreikning sérstakrar uppbótar vegna framfærslu. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2012.

#### **Daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum**

**Reglugerð nr. 35/2011** um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2011. Í reglugerðinni er kveðið á um daggjöld dvalarheimila og dagvista og húsnæðisgjald vegna viðhalds öldrunarstofnana fyrir árið 2011. Reglugerðin tók gildi 21. janúar 2011 og kom til framkvæmda frá og með 1. janúar 2011.

#### **Endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp:**

**Reglugerð nr. 408/2011** um tímabundna tannlæknaþjónustu án endurgjalds fyrir börn tekjulágra foreldra. Í reglugerðinni er kveðið á um að greiða tímabundið nauðsynlegar tannlækningar barna tekjulágra foreldra. Reglugerðin tók gildi 26. apríl 2011.



**Reglugerð nr. 1039/2011** um breytingu á reglugerð nr. 408/2011 um tímabundna tannlæknaþjónustu án endurgjalds fyrir börn tekjulágra foreldra. Í reglugerðinni er tímamörkum breytt auk þess sem ákvæðið um að þjónustan skuli veitt í Reykjavík er felld út. Reglugerðin tók gildi 7. nóvember 2011.

#### **Meðlag og önnur framfærsluframlög:**

**Reglugerð nr. 1225/2011** um (1.) breytingu á reglugerð um framkvæmd meðlagsgreiðslna og annarra framfærsluframlaga, nr. 945/2009. Í reglugerðinni er kveðið á um þá breytingu, að óheimilt er að hefja greiðslur meðlags ef meðlagsmóttakandi og meðlagsgreiðandi eru í hjúskap, óvígðri sambúð eða eru skráð með sama lögheimili. Ennfremur er það skilyrði að barn sé búsett á heimili meðlagsmóttakanda við upphaf greiðslna. Reglugerðin tók gildi 28. desember 2011.



# Lífeyristryggingar 2011

**Tafla 1.1 Viðskiptavinir Tryggingastofnunar og íbúafjöldi 1997-2011**
*Number of recipients in social security pension schemes and population 1997-2011*

Ár <i>Year</i>	Viðskiptavinir <i>Number of recipients</i>	Íbúafjöldi <i>Population</i>	Hlutfall <i>Ratio</i>
1997	49.423	272.381	18,1%
1998	53.762	275.712	19,5%
1999	57.720	279.049	20,7%
2000	58.500	283.361	20,6%
2001	64.009	286.575	22,3%
2002	66.010	288.471	22,9%
2003	68.542	290.570	23,6%
2004	70.608	293.577	24,1%
2005	71.503	299.891	23,8%
2006	72.242	307.672	23,5%
2007	62.601	315.459	19,8%
2008 <sup>2)</sup>	63.807	319.368	20,0%
2009	64.470	317.630	20,3%
2010	61.832	318.452	19,4%
2011 <sup>1)</sup>	63.273	319.575	19,8%

**Skýringar:**

Fjöldi viðskiptavina allt árið. Ný lög um fæðingarorlof tóku gildi 1. janúar 2001. Fjöldi foreldra í fæðingarorlofi eru meðta ldir árið 2006, þar sem TR hafði áfram umsjón með greiðslum út 2006.

1) Af þeim 63.273, sem fengu greiðslur á árinu 2011, fengu 7.276 eingöngu meðlagsgreiðslur. Þá fengu 52.249 eingöngu greiðslur úr lífeyrstryggingum og/eða skv. lögum um félagslega aðstoð, en auk þess fengu 4.748 greiðslur úr báðum flokkum. Greiðsluþegar lífeyrstrygginga og/eða skv. lögum um félagslega aðstoð eru því samtals 55.997 á árinu 2011.

2) Tryggingastofnun sér um framkvæmd laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, og eru þeir sem þiggja greiðslur skv. lögnum í þessari töflu taldir með greiðsluþegum sem þiggja greiðslur skv. lögum um félagslega aðstoð.

Heimild: Hagstofa Íslands, mannfjöldi.


**Notes:**

Number of recipients 1/1-31/12. New legislation on parental leave came into force on 1. January 2001. Number of parents on parental leave is included 2006, as Tryggingastofnun (Social Insurance Administration) here after referred to as TR was still in charge of the payments through 2006.

1) Of the 63.273 recipients of payments 2011 from TR, 7.276 received only child support. 52.249 received social security benefits or benefits based on the act of social assistance in addition received 4.748 payment based on both schemes. Total number of recipients of social security benefits or benefits based on the act of social assistance is 55.997 during the year 2011.

2) Minister of Welfare has decided that TR implements the act on payments to parents of chronically ill or severely disabled children, no. 22/2006. Recipients, according to this act, are in this table counted with recipients of social assistance benefits.

Source: Statistics Iceland, population.

**Þróun viðskiptavina Tryggingastofnunar og mannfjölda**
*Development of population and recipients of social security pension schemes*


**Tafla 1.2 Útgjöld lífeyristrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra 1994-2011, millj. kr.**  
*Expenditure in the social security system 1994-2011, million ISK*

Ár Year	Lífeyristryggingar Social security benefits	Félagsleg aðstoð Social assistance benefits	Greiðslur til foreldra <sup>1)</sup> Parental payments	Samtals Total
1994	12.502	3.662		16.164
1995	13.233	3.859		17.092
1996	13.881	3.703		17.584
1997	14.786	4.019		18.805
1998	16.063	4.551		20.614
1999	17.534	4.910		22.444
2000	20.090	5.435		25.525
2001	19.936	5.823		25.759
2002	22.191	6.240		28.431
2003	26.122	7.057		33.179
2004	29.249	6.082		35.331
2005	30.899	6.148		37.047
2006	33.126	6.364		39.490
2007	37.873	6.861		44.734
2008	43.610	7.902	72	51.584
2009	46.298	9.607	91	55.996
2010	45.708	8.947	93	54.748
2011	56.910	10.661	108	67.679


Skýring:

1) Lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006.

Note:

1) Act on payments to parents of chronically ill or severely disabled children, no. 22/2006.

**Útgjöld lífeyristrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra sem hlutfall af gjöldum hins opinbera 2005 - 2011**  
*Expenditure in the social security system as a percentage of government expenditure 2005 - 2011*



**Tafla 1.3 Lífeyrisþegar, greiðslur lífeyrstrygginga, félagslegrar aðstoðar og greiðslur til foreldra 2008-2011**
*Recipients of social security benefits, social assistance, and parental benefits and expenditures 2008-2011*

	Fjöldi bótaþega í desember				Ársútgöld í millj. kr.				
	<i>Recipients in December</i>				<i>Yearly expenditure, mill. ISK</i>				
	2008	2009	2010	2011	2008	2009	2010	2011	
<b>Lífeyrstryggingar</b>									<b>Social security benefits</b>
Ellilífeyrir	27.925	25.266	25.113	26.293	8.594	8.617	8.034	10.713	<i>Old age pension</i>
Örorkulífeyrir	14.103	14.507	14.714	15.197	4.409	4.982	4.911	6.063	<i>Invalidity pension</i>
Aldurstengd örorkuuppþót	14.011	14.417	14.673	15.196	1.779	2.155	2.178	2.375	<i>Age related invalidity pension supplem.</i>
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	24.346	21.929	21.628	24.468	14.456	13.534	13.634	18.622	<i>Pension supplement, old age</i>
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	13.734	14.282	14.458	15.092	10.999	13.571	13.353	15.362	<i>Pension supplement, invalidity</i>
Vasapeningar ellilífeyrisþega	1.584	1.318	1.092	1.196	375	142	224	370	<i>Personal allowance, old age</i>
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	209	180	161	112	75	59	65	60	<i>Personal allowance, invalidity</i>
Örorkustyrkur	651	719	713	786	145	184	178	193	<i>Invalidity allowances</i>
Barnlífeyrir <sup>5)</sup>	5.722	5.954	5.931	5.888	2.456	2.727	2.734	2.750	<i>Child pension</i>
Annað									<i>Other</i>
Læknisvottorð	...	...	...	...	20	21	18	17	<i>Medical certificates</i>
Vinnusamningur öryrkja	...	...	...	...	302	261	339	332	<i>Employ. contr. ,invalidity pensioners</i>
Matsgerðir lækna <sup>3)</sup>	...	...	...	...	...	44	40	51	<i>Doctors evaluation</i>
<b>Samtals lífeyrisgreiðslur</b>					<b>43.610</b>	<b>46.297</b>	<b>45.708</b>	<b>56.910</b>	<b>Total social security benefits</b>
<b>Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð</b>									<b>Benefits based on act of social assistance</b>
Mæðra- og feðralaun <sup>5)</sup>	2.989	2.871	2.763	2.655	314	334	320	315	<i>Motherhood/fatherhood allowances</i>
Umönnunargreiðslur <sup>5)</sup>	2.203	2.200	2.162	2.213	1.351	1.483	1.466	1.471	<i>Home care payments</i>
Maka- og umönnunarbætur	135	127	93	80	164	169	139	110	<i>Spouse benefits/home-care payments</i>
Dánarbætur	175	200	165	158	57	63	63	62	<i>Deaths grants</i>
Endurhæfingarlífeyrir	1.137	1.240	1.082	1.112	1.585	1.964	1.713	1.827	<i>Rehabilitation pension</i>
Barnlífeyrir v/menntunar	378	424	438	453	105	123	161	149	<i>Child pension/education</i>
Heimilisuppþót	12.847	12.188	12.110	12.725	2.693	2.864	2.820	3.417	<i>Household supplement</i>
Frekari uppþætur	3.394	3.364	2.252	2.018	663	445	316	255	<i>Further Supplements</i>
Sérstök uppþót lífeyrisþega <sup>1)</sup>	...	8.741	7.228	10.863	66	1.026	894	1.931	<i>Special pension supplement</i>
Bifreiðakostnaður <sup>4)</sup>									<i>Motor vehicle cost:</i>
Uppþætur v/reksturs bifreiða	6.650	6.356	6.109	6.013	806	846	823	835	<i>Motor vehicle supplement</i>
Uppþætur/styrkir til bifreiðakaupa <sup>2)</sup>	...	...	...	...	98	292	217	262	<i>Supplem./grants motor vehicle buying</i>
Annað	...	...	...	...	...	...	16	27	<i>Other</i>
<b>Samtals félagslegar greiðslur</b>					<b>7.902</b>	<b>9.607</b>	<b>8.947</b>	<b>10.661</b>	<b>Total social assistance benefits</b>
<b>Bætur skv. lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna</b>									<b>Benefits based on the act on payments to parents of chronically ill or severely disabled children</b>
Greiðslur til foreldra	42	56	66	82	72	91	93	108	<i>Parental payment</i>
<b>Samtals greiðslur til foreldra</b>					<b>72</b>	<b>91</b>	<b>93</b>	<b>108</b>	<b>Total parental benefits</b>
<b>Alls</b>					<b>51.584</b>	<b>55.995</b>	<b>54.748</b>	<b>67.679</b>	<b>Total</b>

**Fjöldi barna/Number of children**

	2008	2009	2010	2011	
Barnlífeyrir	8.927	9.203	9.129	9.067	<i>Child pension</i>
Mæðra- og feðralaun	6.775	6.502	6.258	6.042	<i>Motherhood and fatherhood allowances</i>
Umönnunargreiðslur	2.833	2.883	2.750	2.758	<i>Home-care payments</i>

**Skýringar:**

- Frá 1. september 2008 er greidd sérstök uppþót til framfærslu lífeyrisþega skv. reglugerð nr. 878/2008.
- Bifreiðastyrkir voru á árinu 2009 færðir undir bætur skv. lögum um félagslega aðstoð en féllu áður undir sjúkratryggingar.
- Matsgerðir lækna voru á árinu 2009 færðar undir lífeyrstryggingar en tilheyrðu áður rekstri Tryggingastofnunar.
- Bifreiðakostnaður: Varðar uppþætur og styrki vegna bifreiðareksturs og bifreiðakaupa.
- Fjöldi framferenda.

**Notes:**

- As of 1. september 2008 is paid special supplement to pensioners, in accordance with regulation no. 878/2008.
- Motor vehicle grants were in 2009 transferred under benefits of the law on social assistance from benefits of the law of health insurance.
- Doctors evaluation were in 2009 transferred from the operational costs of the Social insurance Administration.
- Motor vehicle costs: Supplements and grants that are connected to running and buying a motor vehicle.
- Number of supporters.

